

## LÖG

### um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónusta).

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, með síðari breytingum.

###### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. a laganna:

- a. Við 4. tölul. 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
  3. Fyrir hvert MHz við afnot af 64–66, 71–76 og 81–86 GHz 83 kr.
- b. Við 4. tölul. 1. mgr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ekki skal taka gjald skv. a- og b-lið þessa töluliðar þegar fastasamband er notað sem heimtaug fyrir heimili og fyrirtæki.
- c. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: *Almenn farnet (t.d. GSM, 3G, 4G og 5G)*.
  1. Fyrir hvert MHz undir 2300 MHz 256.500 kr.
  2. Fyrir hvert MHz milli 2300 MHz og 10 GHz 128.250 kr.
  3. Fyrir hvert MHz yfir 10 GHz 25.650 kr.
- d. B-liður 2. mgr. orðast svo: Gjaldsvæði 2: Höfuðborgarsvæðið (Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær).

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um fjarskipti, 81/2003, með síðari breytingum.

###### 2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í viðeigandi stafrófsröð: *Nothæf internetþjónusta*: Virkni, gæði og tæknilegir eiginleikar sem internetþjónusta skal að lágmarki búa yfir þannig að þjónustan geti komið notendum að gagni í daglegu lífi. Lágmarksvirkni, gæði og tæknilegir eiginleikar internetþjónustu eru nánar tilgreindir í reglugerð ráðherra.

###### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Í stað 1. másl. 3. mgr. koma tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Til alþjónustu telst m.a. símaþjónusta og þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar samfélagslegar þarfir

- og gagnaflutningsþjónusta sem tryggir nothæfa internetþjónustu. Þjónustutegundir alþjónustu eru ekki bundnar tiltekinni tækni.
- b. 5. mgr. fellur brott.

4. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:
- a. Í stað orðanna „fyrir alþjónustu“ í 1. másl. kemur: alþjónustuveitanda.
- b. 2. másl. fellur brott.

5. gr.

2. másl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Stofnunin metur umsókn alþjónustuveitanda og skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna.

6. gr.

Á undan orðunum „í kjölfar útboðs“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: eftir atvikum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. júní 2018.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

**Steingrímur J. Sigfússon.**  
(L. S.)

**Þorgeir Örlygsson.**

*Ásmundur Einar Daðason.*